



| | | |
|-------------------|---------------------------------|---|
| Nr.: GAT-115 | Menntaskólinn í Kópavogi |  |
| Útgáfa: 01 | | |
| Dags.: 13.02.2019 | | |
| Höfundur: GV | | |
| Samykkt: MF | | |
| Síða 1 af 2 | Áfangalýsing LÆSI1AA10 | |

| | |
|-----------------------------|---|
| Búið til – útg. | 22. sept. 2016 – útg. 1 |
| Námsgrein | Læsi |
| Titill | Menningar- og náttúrulæsi |
| Skammstöfun | LÆSI1AA10 |
| Viðfangsefni | Menningar og náttúrulæsi |
| Staða áfanga | Samykkt af skóla |
| Prep áfanga | 1 |
| Einingafjöldi áfanga | 10 |
| Lýsing áfanga | Markmið áfangans er að þjálfva nemendur í læsi í víðum skilningi. Lögð er áhersla á lykilhæfni og grunnþætti menntunar. Markmið áfangans er að nemendur geri sér betur grein fyrir tengslum einstaklings og samfélags, réttindum og skyldum og sinni eigin ábyrgð, þátttöku og mögulegum áhrifum á samfélagið. Einnig að þeir öðlist skilning á umhverfi sínu og mikilvægi heilbrigðis og sjálfbærni í nútíma þjóðfélagi. Nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi auðlinda og að umgangast þær með varúð. |
| Forkröfur áfanga | Áfangi fyrir nýnema – tekinn á fyrstu önn |
| Þekkingarviðmið | Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none"> • mikilvægi gagnrýnnar hugsunar • áhrifum mannsins á náttúruna og mikilvægi sjálfbærni í samfélagi sínu • mikilvægi heilbrigðs lífstíls • landnýtingu, nýtingu sjávar, nýtingu á úrgangi og umhverfisvænnar orkuöflunar • eigin ábyrgð á samfélagi sínu og umhverfi • eigin menningu og geta borið saman við aðra menningarheima í nútíð og fortíð • áhrifum dægurmenningar og samskiptum á 21. öld |
| Leikniviðmið | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none"> • afla sér upplýsinga um umhverfi sitt, nærsamfélag og alþjóðasamfélagið • gera sér grein fyrir eigin sjálfsmynd og geta útskýrt tilfinningar sínar og skoðanir á rökstuddan hátt • gera sér grein fyrir stöðu Íslands í umhverfismálum • gera grein fyrir stöðu sinni í samfélaginu með það að markmiði að vera virkur þjóðfélagsþegn |

| | | |
|-------------------|---------------------------------|---|
| Nr.: GAT-115 | Menntaskólinn í Kópavogi |  |
| Útgáfa: 01 | | |
| Dags.: 13.02.2019 | | |
| Höfundur: GV | | |
| Sampykkt: MF | | |
| Síða 2 af 2 | Áfangalýsing LÆSI1AA10 | |

| | |
|--------------------|---|
| | <ul style="list-style-type: none"> • bera saman stöðu Íslands og annarra þjóða í umhverfismálum |
| Hæfniviðmið | <p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • skrá úrlausnir sínar skipulega, skiptast á skoðunum við aðra um þær og útskýra hugmyndir sínar og verk á viðeigandi hátt • meta gildi heimilda og kunni að draga ályktanir af þeim • beita rökhugsun til þess að draga ályktanir og setja fram gagnrýni á skipulegan hátt • geta gert grein fyrir sjónarmiðum sínum og skoðunum á málefnalegan og rökstuddan hátt • sýna öðrum einstaklingum, skoðunum þeirra og lífstíl virðingu og umburðarlyndi |
| Námsmat | |